

Fundur í Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps, Végarði, 21.08 2019 kl 20:00.

Mættir eru Hallgrímur Þórhallsson sem er í síma þar sem hann er ekki heima við þessa dagana, Eyjólfur Yngvason, Gunnar Jónsson, Hjörleifur Kjartansson og Jóhann F. Þórhallsson.

Farið yfir þau erindi sem lágu fyrir og rædd lítillega á kveðið að fresta fundi þar til Hallgrímur kemur heim eða til kl 9:00 á föstudag 23. ágúst næstkomandi.

Fundi framhaldið í Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps, Végarði, 23.08 2019 kl. 9:00.

Mættir eru Hallgrímur Þórhallsson, Eyjólfur Yngvason, Gunnar Jónsson, Hjörleifur Kjartansson og Jóhann F. Þórhallsson. Einnig sat fundinn Lárus Heiðarsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins.

- 1) Erindi dagsett 19. ágúst vegna breyttra aðstæðna á smalavæðum í Fljótsdal sunnan Kelduár
- 2) Borist hefur erindi frá Marteini Óla Aðalsteinssyni
- 3) Jafnað niður í göngur
- 4) Réttardagur 2020
- 5) Önnur mál

Samkvæmt gagnaseðlum var fjárfjöldi í suðurbyggð 497 kindur 2018 og 589 kindur 2019 sem er fjölgun um 92 kindur.

1. Erindi dagsett 19. ágúst vegna breyttra aðstæðna á smalavæðum í Fljótsdal sunnan Kelduár.

- a) Komið verði upp fyrir haustið góðri aðstöðu í Klúku, svo þar verði hægt að reka að fé og draga í sundur.

Fjallskilanevnd sér ekki ástæðu til að sveitarfélagið beri kostnað af fjárréttum umfram það sem er tilgreint í fjallskilareglugerð. Eins hefur komið í ljós að eigendur jarðarinnar Klúku eru ekki hlynntir þessum áformum.

- b) Fjölga dagsverkum í 1. göngu á Gilsárdal úr 4-8 og smala á tveimur dögum frá Sturlúa að Hrafnkelsstöðum.

Verið er að vinna að nýrri fjallaskilasamþykkt fyrir Múlasýslur og stefnt er á að vinna búfjársamþykkt í sveitarfélaginu og setja þar umgjörð um búfjárhald og er erindinu vísað til þeirra vinnu.

- c) Koma á 2. göngu á Gilsárdal, enda engin rök fyrir að þar séu ekki tvær göngur eins og á öðrum skipulögðum smalavæðum. Bent á að í Fjallaskilasamþykkt Múlasýslna (12. gr.) sem Fljótsdalshreppur er aðili að er kveðið á um að öll leitarsvæði skulu a.m.k. gengin tvisvar. Í 2. göngu á Gilsárdal verði álögð 5-6 dagsverk.

Verið er að vinna að nýrri fjallaskilasamþykkt fyrir Múlasýslur og stefnt er á að vinna búfjársmþykkt í sveitarfélaginu og setja þar umgjörð um búfjárhald og er erindinu vísað til þeirra vinnu.

- d) Sömuleiðis með sömu rökum verði komið á 2. göngu á Kiðafell, álögð 4 dagsverk.

Þetta er réttmæt ábending og fjallskilanevnd samþykkir hana.

- e) Varðandi fjárflutninga á fé sem kemur fyrir utan hreppamarka norðan Jökulsár og sveitarfélagið greiðir fyrir, verði á sama máta greitt fyrir flutninga á fé sem kemur fyrir utan hreppamarka sunnan Jökulsár.

Fjallskilanevnd er sammála um að sömu reglur skuli gilda um alla fjárflutninga utan hreppamarka.

Fyrir flutning á fé sem kemur úr aðliggjandi sveitum er óskað eftir að sveitarfélagið greiði fyrir flutning eins og verið hefur. Alla fjárflutninga skal að gera í samráði við fjallskilastjóra.

2. Borist hefur erindi frá Marteini Óla Aðalsteinssyni:

Ég óska eftir að minnka framlag Klaustursels til smölunar í Rana. Eyvindarárbrúin búin að vera lokuð tvö síðustu sumur svo fé frá Klausturseli hefur fækkað verulega í Raninum. Svipaður fjöldi úr Fljótsdal kemur úr Klausturselslandi og Klausturselsfé úr Rana. Væri strax til bóta að vera aðeins með einn mann í fyrstu göngu.

Fjallskilanevnd samþykkir að frá Klausturseli komi einungis einn maður í 1. og 2. Göngu í Rana.

3. Jafnað niður í göngur.

Álögðum dagsverkum var fjölgað um 7 frá árinu 2018. Bætt var við 4 dagsverkum í seinni göngum í Kiðafell og 3 dagsverkum í Rana vegna óska Marteins Óla (sjá lið 2). Jafnað var niður 144 dagsverkum á 4963,2 kindur.

Gangnastjórar eru skipaðir:

- Í Rana: Hallgrímur Þórhallsson
- Undir Fellum: Gunnar Jónsson
- Múli: Hjörleifur Kjartansson
- Gilsárdal, Villingadal og Flatarheiði: Hjörtur E. Kjerúlf
- Kiðafell: Hjörleifur Kjartansson
- Útheiði: Eiríkur J. Kjerúlf
- Rekstrarstjóri út Norðurdal: Guðmundur Pétursson
- Réttarstjóri í Melarétt: Hjörtur E. Kjerúlf, til vara Þorvarður Ingimarsson

Lagt verður af stað í fyrstu göngu á Múla 6. September, Undir-Fell 9. September, og í Rana 10. september.

Lagt verður af stað í aðra göngu 1. október Undir-Fell, 5. október í Rana og 11. október á Múla.

Stefnt skal að fyrstu göngu á Hraunum og Kiðafelli 20. september og aðra göngu 6. Október.

Útheiði verður smöluð 13. september eða daginn fyrir Melarétt.

Fjallskilanevnd óskar eftir því að smölnun á Hraunum verði greidd af sveitarfélaginu eins og verið hefur og eru það 4 dagsverk.

4. Réttardagur 2020.

Réttardagur 2020 verður 12.september.

5. Önnur fjallskilamál

Fyrir flutning á fé sem kemur úr aðliggjandi sveitum er óskað eftir að sveitarfélagið greiði fyrir flutning eins og verið hefur. Unnið verði að viðhaldi á Melarétt, Sturluflatarrétt, Múlarétt og Egilsstaðarétt. Fjallskilastjóra falið að athuga með veitingar í Pilsvangi.

Réttað verður í Melarétt, laugardag 14. september. Rekstur úr safnhólfi hefst kl. 11 og byrjað verður að rétta um kl. 12.00.

Óskað er eftir að trjágróður verði sagaður frá götum innst í Þorgerðarstaðaskógi innan við Stöppuklif.

Rætt verður við ábúendur á Valþjófsstað um safnhólf.

Eyjólfur tekur að sér að halda utan um viðhald á Melarétt.

Fjallskilanevnd óskar eftir því við gangnastjóra að þeir skili inn dagbók til fjallskilastjóra fyrir 1. nóvember þar sem fram kemur dagsetning gangnadagar, hverjir voru gangnamenn, fjárfjöldi sem smalað var og hvernig til tókst með gönguna.

Fjallskilanevnd vill hvetja gangnamenn til að vera með talstöðvar og að vera í sjálflýsandi vestum í göngum.

Fjallskilanevnd beinir því til sveitarstjórnar að endurbyggja og viðhalda gamla gangnakofanum og hesthúsi í Fjallaskarði.

Nýtt safnhólf á Þuríðarstöðum er tilbúið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.20

Fundargerð ritaði; Lárus Heiðarsson

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Hallgrímur Þórhallsson (sign)

Hjörleifur Kjartansson (sign)

Eyjólfur Yngvason (sign)

Úrdráttur úr Fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur.

Um fjallskil að hausti.

12.grein.

„ Þá skal fyrsta lögrétt aldrei vera seinna en um síðustu helgi í september, og ber að haga gangnadögum í samræmi við það. Ganga skal afréttir, upprekstarlönd og önnur heimalönd að minnsta kosti tvisvar á hausti hverju og skal **annarri göngu lokið eigi síðar en 15. október.**“

13. grein.

„ Hver bóndi eða jarðareigandi , hvaða búskap sem hann stundar, er skyldur að taka þátt í smölun síns heimalands þegar sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eða umráðamenn eyðjarða, þó þeir eigi þar ekki fjár von. Samhliða göngum skulu eigendur afgirtra heimalanda smala þau lönd og gera full skil á því fé sem þar er“.